

Málningarleiðbeiningar

Hvenær mála ég?

Í samráði við skrifstofu Búseta er bókuð dag- og tímasetning fyrir úttekt. **Allri málningarvinnu þarf að vera lokið áður en úttekt á sér stað.**

Hafi íbúð verið almáluð innan 24ra mánaða er gert samkomulag um málningu við íbúa á grundvelli ástands. Innan þess tímaramma þykir almennt ekki þörf á heilmálun nema um sérstakar aðstæður sé að ræða. Sú þörf er metin af starfsmanni Búseta sem sinnir **söluskoðun.**

Búseti hvetur íbúa til þess að gefa sér rúman tíma til málningarvinnunnar.

Með hverju mála ég?

Fyrir allar íbúðir Búseta (utan íbúða í Einholti, Þverholti, Árskógum, Beimabryggju og Keilugranda) er málað með eftirfarandi málningu. Íbúar ofangreindra íbúða sjá í **húsbók** allar upplýsingar um þá málningu sem notast skal við og hvar hana megi kaupa.

Loft: Kópal 2, fannhvítt. Gljástig 3%.

Veggir: Kópal 10, fannhvítt. Gljástig 10%.

Baðherbergi: Myglufritt, Kópal, akrýlhúð, fannhvítt. Gljástig 20%.

Tréverk: Perlulakk, Kópal. Gljástig 40%.

Þar sem til staðar er málað geymslugólf skal nota Kópal gólfmálningu, dúngráa.

Málninguna má kaupa á afslætti í Málningu hf, Dalvegi 18.

Hvað mála ég?

Íbúðin skal vera **heilmáluð**. Þá er átt við að mála alla veggj, loft, timburverk í gluggum og svalahurðir. Þar sem máluð geymslugólf eru til staðar er gert ráð fyrir því að þau séu máluð.

Hvað mála ég ekki?

Varast skal að mála á gólflista, innréttingar, rofa og innstungur. Einnig skal varast að mála á állista á gluggum. Ekki er mælt til þess að mála ofna.

Ætli Búseti sér framkvæmdir á íbúðinni verður fráfarandi íbúa gert grein fyrir þeim framkvæmdum og hvort eða hvernig þær hafi áhrif á þá málningarvinnu sem inna þarf af hendi.

Hvernig mála ég?

- Byrja skal að mála loft.
- Alla jafna má gera ráð fyrir tveimur umferðum. Það ræðst þó eftir ástandi.
- Fjarlægjið alla nagla og skrúfur úr veggjum og loftum. Spartlið í götin og ekki gleyma að **pússa spartlið** þegar það hefur þornað. Gott er að bletta svo yfir áður en málun hefst.
- Gott er að fjarlægja málningarlímband eins fljótt og hægt er.
- Loft eru allajafna rúlluð í átt að næsta stóra glugga.
- Vandíð vel og athugið málningu í kverkum.
- Varist að nota sömu málningu á veggi og loft.

Hvað gerist ef ég hef ekki málað nægilega vel?

Starfsmaður Búseta framkvæmir úttekt á umsömdum tíma. Ef málningarvinnan samræmist ekki tilskildum kröfum getur fráfarandi íbúi fengið frest til þess að ljúka málningarvinnu. Alla jafna er miðast við að sá frestur sé tveir dagar. Að því loknu fer fram **aukaúttekt**. Samræmist málningarvinnan ekki ennþá kröfum ræður Búseti fagmann til þess að ljúka verkinu. Sú vinna **greiðist af fráfarandi íbúa**.

Gangi ykkur vel!